

## **367. – Stjórnarfundur LEB 27. febrúar 2023**

**Kl. 16.00 - Haldinn í sal BSRB v/Grettisgötu**

### **Mættir:**

**Aðalstjórn:** Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson.

**Varastjórn:** Ásgerður Pálsdóttir, Ragnar Jónsson og Jónas Sigurðsson.

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sat fundinn og skrifaði fundargerð.

### **Dagskrá:**

**1. Fundargerð síðasta fundar 02.02.2023**

*Samþykkt*

**2. Kostnaðarþátttaka LEB v. funda**

- a. Landsfundir
- b. Stjórnar- og nefndafundir

*Framlagðar tillögur formanns samþykktar*

**3. Landsfundur LEB 2023**

- a. Staða framkvæmdar.

*Viðar fór yfir stöðuna við framkvæmd landsfundar. Fundarstaður, veitingar á fundi og kvöldverður ásamt framlagi sveitastjórnar Borgarbyggðar í dagskrá komið á þurrt. Gisting á tilboði hjá tveimur hótélum.*

- b. Tímalína.

*Viðar kynnti tímalínu undirbúnings vegna landsfundar sem er skv. lögum LEB*

- c. Uppstillingarnefnd.

*Hana þarf að skipa fyrir 9. mars skv. lögum LEB*

*Tveir stjórnarmenn ganga úr stjórn, Drífa og Þorbjörn, en þau geta bæði gefið kost á sér aftur. Allir varamennirnir þrír ganga úr stjórn, en þau geta öll gefið kost á sér aftur. Þó hefur Ragnar í varastjórn tilkynnt að hann muni ekki gefa kost á sér aftur.*

- d. Dagskrá.

*Ýmsar hugmyndir reifaðar, en engin ákvörðun tekin.*

**4. Önnur mál**

Rætt um hvort hækka eigi aðildagjald að LEB

*Samþykkt að fela formanni og gjaldkera að skoða málið og koma með tillögu.*

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16.45. Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson.

*Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum 18. mars 2023*



Helgi Pétursson formaður LEB